

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 985/2011 um flugvernd.

#### 1. gr.

Með reglugerð þessari öðlast gildi hér á landi eftirfarandi reglugerð framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka EES-samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans, og breytist 61. gr. reglugerðar nr. 985/2011 í samræmi við það:

- i. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/187 frá 6. febrúar 2015 um breytingar á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 185/2010 að því er varðar skimun á handfarangri flugfarþega. Reglugerðin er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

#### 2. gr.

Með reglugerð þessari öðlast jafnframt gildi hér á landi eftirfarandi ákvarðanir framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, settar á grundvelli reglugerðar (EB) nr. 300/2008 frá 11. mars 2008, um sameiginlegar reglur um flugvernd, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans, og breytist 2. mgr. 61. gr. reglugerðar nr. 985/2011 í samræmi við það:

- a. Ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. C(2015)561, lokaútgáfa frá 6. febrúar 2015 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. C(2010)774/ESB að því er varðar skimun á handfarangri flugfarþega.
- b. Ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. C(2015)984, lokaútgáfa frá 19. febrúar 2015 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. C(2010)774/ESB um ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd að því er varðar farm og póst sem fluttur er inn í ríki Evrópusambandsins.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 2. mgr. 70. gr. og 70. gr. d, sbr. 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Innanríkisráðuneytinu, 27. febrúar 2015.*

**Ólóf Nordal.**

*Hermann Sæmundsson.*

**Fylgiskjal.****FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 2015/187**

frá 6. febrúar 2015

**um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 185/2010 að því er varðar skimun handfarangurs**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008 frá 11. mars 2008 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 2320/2002 <sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Nýleg gögn sýna að hryðjuverkamenn reyna nú að þróa nýjar aðferðir til að fela heimatilbúinn sprengibúnað sem er hannaður með hliðsjón af því að sniðganga núverandi flugverndarráðstafanir í tengslum við skimun handfarangurs.
- 2) Tilteknum sértækum flugverndarráðstöfunum, sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 185/2010 <sup>(2)</sup>, ætti því að breyta í því skyni að styrkja ráðstafanir gegn þeirri ógn sem stafar af heimatilbúnum sprengibúnaði sem falinn er í handfangri.
- 3) Breytingarnar ættu að skerpa á tækniforskriftum um skimun handfarangurs þar sem notað er greiningarkerfi fyrir sprengiefni (EDS).
- 4) Breytingarnar ættu einnig að gera kleift að skima handfangur, sem inniheldur fartölvur og önnur stór raftæki, við tilteknar aðstæður.
- 5) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 185/2010 til samræmis við það.
- 6) Þessi reglugerð ætti að öðlast gildi, eins fljótt og auðið er, í því skyni að lágmarka þá hættu sem steðjar að flugvernd.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um flugvernd í almenningsflugi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 185/2010 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Þessi reglugerð öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar. Henni skal beitt frá og með 1. mars 2015.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. febrúar 2015.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

---

<sup>(1)</sup> Stjútíð. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 72.

<sup>(2)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 185/2010 frá 4. mars 2010 um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnskrofum um flugvernd (Stjútíð. ESB L 55, 5.3.2010, bls. 1).

*VIÐAUKI*

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 185/2010 er breytt sem hér segir:

1. Ákvæðum 4. kafla er breytt sem hér segir:
  - a) Í stað liðar 4.1.2.1 komi eftirfarandi:

„4.1.2.1 Fartölvur og önnur stór raftæki skulu fjarlægð úr handfarangri áður en skimun fer fram og skulu þau skimuð sérstaklega nema ætlunin sé að skima handfarangurinn með búnaði til greiningar sprengiefnis sem uppfyllir staðal C2 eða strangari staðal.“
  - b) Í stað liðar 4.1.2.8 komi eftirfarandi:

„4.1.2.8 Sérhver taska, sem inniheldur stórt raftæki, skal endurskimuð þegar raftækið hefur verið fjarlægt úr töskunni og skal það skimað sérstaklega nema handfarangurinn hafi verið skimaður með búnaði til greiningar sprengiefnis sem uppfyllir staðal C2 eða strangari staðal.“
2. Eftirfarandi liðir 12.4.2.7–12.4.2.9 bætist við í 12. kafla:

„12.4.2.7 Allur búnaður til greiningar sprengiefnis, sem er hannaður til að skima handfarangur, skal a.m.k. uppfylla staðal C1.

12.4.2.8 Allur búnaður til greiningar sprengiefnis, sem er hannaður til að skima handfarangur sem inniheldur fartölvur og önnur stór raftæki, skal a.m.k. uppfylla staðal C2.

12.4.2.9 Allur búnaður til greiningar sprengiefnis, sem er hannaður til að skima handfarangur, sem inniheldur fartölvur, önnur stór raftæki og vökva, úðaefni og gel (LAGs), skal a.m.k. uppfylla staðal C3.“